



Reykjavík

7.12.2022

Borgarráð 10. nóvember 2022:

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um verktakagreiðslur Strætó til Kynnisferða og Hópbíla MSS22110078

Snemma í vor, var hluta af leið 2 og leið 5 hjá Strætó bs. komið til verktakanna Kynnisferða og Hópbíla. Þessi viðbót til verktakanna fór ekki fram í gegnum útboð. Hvað fá verktakarnir greitt fyrir þessa viðbót? Eining er spurt að því hver eða hverjir greiddu fyrir næturalaksturinn út á Seltjarnarnes í sumar? Greiða sveitarfélögin framlag í samræmi við næturalakstur eða greiðir Strætó bs. fyrir þann akstur

Í dag eru tveir verktaka auk Strætó sem aka á höfuborgarsvæðinu, Kynnisferðir og Hagvagnar. Útboð fór fram á árinu 2015 og hófst akstur skv. því í ágúst 2016. Allur akstur á vegum þeirra verktaka greiðist skv. verðum í því útboði. Vagnastaða Strætó er slæm og hafði Strætó ekki þann fjölda vagna upp á að bjóða til að geta ekið áfram með allar þær leiðir sem eru í umsjón Strætó. Vegna hagræðingar sem ráðist var í vegna Covid heimsfaraldurs höfðu verktakar vagna á sínum snærum sem ekki voru í notkun og gátu því tekið að sér hluta leiðar 2 og 5, en um er að ræða svokallaða stubbábíla (annatímavagna) og var þetta gert til að halda þjónustustigi áfram á þessum leiðum.

Hagvagnar hafa fengið greitt um 41,3 m.kr. og Kynnisferðir hafa fengið greitt um 54,4 m.kr. Um er að ræða fimm vagna.

Greiðsla fyrir næturalakstur fer eftir íbúafjölda í sveitarfélögum, en ákveðið var á sínum tíma að uppgjör næturalaksturs væri greitt í samræmi við uppgjör stofnleiða. Því greiðir Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær, Hafnarfjörður og Seltjarnarnes sína hlutdeild í akstri næturalleiða eftir íbúafjölda á hverjum tíma.

sign

---

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó